

Mál nr. 110/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vélsmiðju.

Ágreiningur um bótaskyldu er vél vörubifreiðar bræddi úr sér.**Gögn.**

40. Málskot, móttækið 15.3.2013, ásamt fylgigögnum.
41. Bréf X, dags. 22.4.2013.

Málsatvik.

Í nóvember 2011 mun vörubifreiðin A í eigu M hafi verið til viðgerðar hjá vélsmiðjunni V. Samkvæmt fyrirbyggjandi reikningi var gert við vél A, þar sem m.a. var skipt um slifar, stimpla, höfuðlegur og stangarlegur og heddd yfirfarið. Hinn 6.1.2012 mun vélin hafa brætt úr sér.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu. X kveður A hafa verið ekið um 6-7.000 km eftir viðgerðina hjá V uns vélin bræddi úr sér.

Álit.

Engin gögn liggja fyrir um ástæður þess að vél A bræddi úr sér 6.1.2012. Engin sönnunargögn að öðru leyti liggja heldur fyrir um að tjónið verði rakið til mistaka við vélaviðgerðina hjá V í nóvember 2011 eða annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. Við svo búið verður ekki talið að V beri fébótaábyrgð á tjóni M. Það fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 7. maí 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.